

Gos í Eyjafjallajökli - staða 4. júní 2010 kl. 12:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Gunnari B. Guðmundssyni, Teiti Arasyni, Hrafni Guðmundssyni, Ármanni Höskuldssyni og Sigrínu Hreinsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og jarðvísindamönnum á Eyjafjallajökli.

Gosmökkur:

Hæð: Ský og öskumistur hafa hulið topp fjallsins í gær og í dag. Miðvikudaginn 2. júní sáust hvít gufuský í um 2,5 km hæð. Austanátt um 8-13 m/s undir Eyjafjöllum í dag. Fimmtudag 3 júní voru starfsmenn Jarðvísindastofnunar á gígasvæðinu. Virkni lítil og gufubólstrar lágir, 200-400 m upp fyrir gígþarm.

Stefna:

Litur:

Gjóskufall: Mikið öskufjúk á Suður- og Suðvesturlandi.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar.

Drunur: Á gígasvæði syngur í gufaugum eins og við háhitaborholur.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli frá Gígjökli.

Aðstæður á gosstað: Gufuvirkni mun minni en fyrir viku síðan. Leiðangur á gosstöðvar 3. júní staðfestir þetta. Gufumökkur náði aðeins einu sinni 500 m upp fyrir gígþarm frá hádegi til kl 20.00. Mikil brennisteinsútfelling í gígnum og fjöldi gufuauga. Grjóthraukur hylur botn gígsins og ríkur úr honum mikil gufa. Gufa í og með kólnandi hraunelfunni lítil og bundin við stök svæði næst gígnum.

Órói: Óróinn svipaður síðustu daga en ennþá smátóppar á lægstu tíðnum.

Jarðskjálftar: Fáeinir grunnir smáskjálftar mælast daglega undir jöklinum.

GPS-aflögun: Litlar merkjanlegar færslur á GPS stöðvum við Eyjafjallajökul.

Heildarmat:

Gufuvirkni minnkað mikið frá því í síðustu viku. Lítil virkni, en hvít vatnsgufa steig upp frá eldstöðinni miðvikudaginn 2. júní í um 2,5 km hæð. Ský og mistur hafa hulið topp fjallsins í gær og í dag. Mikið öskufjúk á sunnanverðu landinu. Haldið verður áfram að fylgjast vel með eldstöðinni.